

EBITDA Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI Í SAMRÆMI VIÐ VÆNTINGAR

Afkomuspá ársins 2017 er EBITDA á bilinu 60 til 62 milljónir evra

- **Tekjur námu 177,0 milljónum evra, hækkuðu um 42,9 milljónir evra eða 32,0% frá Q3 2016**
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,2% og tekjur hækkuðu um 12,8 milljónir evra eða 12,8%
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 50,8% og tekjur hækkuðu um 30,2 milljónir evra eða 87,1%, en þar af voru 23,5 milljónir evra vegna nýrra félaga
- **EBITDA nam 19,3 milljónum evra, jókst um 1,5 milljónir evra eða 8,6% frá Q3 2016**
- **Hagnaður nam 8,8 milljónum evra samanborið við 9,4 milljóna evra hagnað í Q3 2016**
 - Neikvæð breyting á gengismun á milli ára að fjárhæð 1,0 milljón evra hafði mest áhrif
- **Eiginfjárhlutfall var 54,5% og nettóskuldir námu 88,4 milljónum evra í lok september**

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q3 2017	Q3 2016	Breyting	%	9M 2017	9M 2016	Breyting	%
Rekstrartekjur	177.019	134.070	42.949	32,0%	497.015	373.425	123.590	33,1%
Rekstrargjöld	157.732	116.310	41.422	35,6%	451.715	329.855	121.860	36,9%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	19.287	17.760	1.527	8,6%	45.300	43.570	1.730	4,0%
Afskriftir	(7.561)	(6.917)	(644)	(9,3%)	(22.417)	(20.079)	(2.338)	(11,6%)
Rekstrarhagnaður - EBIT	11.726	10.843	883	8,1%	22.883	23.491	(608)	(2,6%)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.650)	(369)	(1.281)	-	(5.996)	(1.028)	(4.968)	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(20)	196	(216)	-	(193)	411	(604)	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	10.056	10.670	(614)	(5,8%)	16.694	22.874	(6.180)	(27,0%)
Tekjuskattur	(1.264)	(1.289)	25	1,9%	(2.775)	(2.893)	118	4,1%
Hagnaður tímabilsins	8.792	9.381	(589)	(6,3%)	13.919	19.981	(6.062)	(30,3%)
Hagnaður á hlut í evrum	0,0462	0,0490	(0,0028)	(5,8%)	0,0733	0,1056	(0,0323)	(30,6%)
Tekjubreyting	32,0%	5,9%			33,1%	1,2%		
EBITDA / rekstrartekjur	10,9%	13,2%			9,1%	11,7%		
EBIT / rekstrartekjur	6,6%	8,1%			4,6%	6,3%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	1,60	0,65			1,60	0,65		
EFNAHAGSREIKNINGUR	30.09.2017	30.09.2016	Breyting	%	30.09.2017	31.12.2016	Breyting	%
Eignir	445.663	379.111	66.552	17,6%	445.663	391.691	53.972	13,8%
Fastafjármunir	294.461	237.878	56.583	23,8%	294.461	253.256	41.205	16,3%
Veltufjármunir	151.202	141.233	9.969	7,1%	151.202	138.435	12.767	9,2%
Eigið fé	242.703	240.061	2.642	1,1%	242.703	243.775	(1.072)	(0,4%)
Skuldir	202.960	139.050	63.910	46,0%	202.960	147.916	55.044	37,2%
Langtímaskuldir	101.586	51.272	50.314	98,1%	101.586	64.456	37.130	57,6%
Skammtímaskuldir	101.374	87.778	13.596	15,5%	101.374	83.460	17.914	21,5%
Vaxtaberandi skuldir	112.960	79.958	33.002	41,3%	112.960	81.149	31.811	39,2%
Nettóskuldir	88.415	34.836	53.579	153,8%	88.415	41.606	46.809	112,5%
Efnislegar eignir / heildareignir	85,8%	92,7%			85,8%	89,4%		
Eiginfjárhlutfall	54,5%	63,3%			54,5%	62,2%		
SJÓÐSTREYMI	Q3 2017	Q3 2016	Breyting	%	9M 2017	9M 2016	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	7.669	5.831	1.838	31,5%	26.824	34.182	(7.358)	(21,5%)
Fjárfestingarhreyfingar	(9.965)	(7.225)	(2.740)	(37,9%)	(50.016)	(21.465)	(28.551)	(133,0%)
Fjármögnunarhreyfingar	(9.382)	(1.213)	(8.169)	-	9.169	(3.455)	12.624	-
Breyting á handbæru fé	(11.678)	(2.607)	(9.071)	-	(14.023)	9.262	(23.285)	-
Handbært fé í upphafi tímabils	36.608	47.463	(10.855)	(22,9%)	39.543	35.983	3.560	9,9%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(385)	266	(651)	-	(975)	(123)	(852)	-
Handbært fé í lok tímabils	24.545	45.122	(20.577)	(45,6%)	24.545	45.122	(20.577)	(45,6%)

GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Þriðji ársfjórðungur 2017 er stærsti fjórðungur félagsins er varðar rekstrartekjur og EBITDA frá árinu 2009. Rekstrartekjur námu 177,0 milljónum evra og hækkuðu um 42,9 milljónir evra frá fyrra ári eða 32,0%, einkum vegna nýrra félaga í samstæðunni, aukins flutningsmagns og hærri verða á flutningamörkuðum. EBITDA framlegð að fjárhæð 19,3 milljónir evra er í samræmi við væntingar okkar og hækkaði um 8,6% samanborið við fyrra ár. Hagnaður nam 8,8 milljónum evra og dróst saman um 0,6 milljónir evra frá fyrra ári, en lækkunin endurspeglar einkum óhagstæðar gengissveiflur á milli ára sem námu 1,0 milljón evra.

Tekjur af áætlunarsiglingum félagsins námu 112,2 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi og hækkuðu um 12,8 milljónir evra eða 12,8% samanborið við 2016. Magn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 3,2%. Áframhaldandi vöxtur er í innflutningi til Íslands á meðan magn í útflutningi er stöðugt. Áfram er mikill útflutningur frá Færeyjum en samdráttur hefur orðið í innflutningi. Félagið hefur á sama tíma staðið frammi fyrir samdrætti í flutningum til norðurs í Noregi en flutningur til suðurs hefur verið stöðugur. EBITDA af áætlunarsiglingum nam 13,8 milljónum evra og dróst saman um 0,3 milljónir evra eða 2,1%. Lækkun á EBITDA skýrist einkum af samdrætti í áætlunarsiglingum í Noregi og auknum kostnaði tengdum innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum, ásamt kostnaði sem tengist því að skipt var um þjónustuaðila Eimskips sem annast hýsingu og þjónustu við upplýsingakerfi samstæðunnar.

Rekstur flutningsmiðlunar gekk vel á fjórðungnum, en magn jókst um 50,8%. Tekjur námu 64,8 milljónum evra, hækkuðu um 30,2 milljónir evra eða 87,1%. Ný félög í samstæðunni skýra 67,8% af tekjuvextinum en 19,3% koma frá innri vexti. EBITDA af flutningsmiðlun nam 5,5 milljónum evra og hækkaði um 1,8 milljónir evra eða 49,0%. Þar af komu 1,7 milljónir evra frá nýjum félögum, en rekstur þeirra hefur gengið vel.

Tekjur félagsins námu 497,0 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins og hækkuðu um 123,6 milljónir evra eða 33,1%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,2% samanborið við fyrstu níu mánuði síðasta ár og magn í flutningsmiðlun jókst um 40,1%. EBITDA fyrir fyrstu níu mánuðina nam 45,3 milljónum evra og jókst um 1,7 milljónir evra eða 4,0% á milli ára. Að teknu tilliti til einkisliða á fyrsta ársfjórðungi jókst aðlöguð EBITDA um 4,0 milljónir evra eða 9,2%. Eimskip vinnur áfram að aukningu tekna með því að fjárfesta í aukinni afkastagetu og breytingum á siglingakerfi félagsins, en á fyrstu sex mánuðum ársins jókst kostnaður vegna þess um 2,7 milljónir evra. Kostnaður vegna ójafnvægis í flutningum að fjárhæð 1,1 milljón evra hafði einnig neikvæð áhrif á EBITDA á fyrri helmingi ársins. Fjárfestingin í siglingakerfinu skilaði hagnaði á þriðja ársfjórðungi og kostnaður vegna ójafnvægis í flutningum hafði ekki áhrif á EBITDA fjórðungsins. Við munum halda áfram að fjárfesta í siglingakerfinu og gera á því breytingar, með sérstaka áherslu á að lækka kostnað á gámaeiningu og auka skilvirkni til að auka arðsemi kerfisins. EBITDA af flutningsmiðlun nam 14,5 milljónum evra og hækkaði um 5,6 milljónir evra eða 63,1%. Þar af komu 4,6 milljónir evra frá nýjum félögum, en rekstur þeirra hefur gengið vel.

Hagnaður fyrstu níu mánuði ársins nam 13,9 milljónum og dróst saman um 6,1 milljón evra samanborið við 2016. Lækkunin skýrist af 4,0 milljónum evra óhagstæðum gengisbreytingum á milli ára, 2,3 milljónum evra hækkun afskrifta og 2,3 milljónum evra einkisliða á fyrsta ársfjórðungi.

Sem hluta af stefnu Eimskips um innri vöxt mun félagið styrkja enn frekar Trans-Atlantic þjónustu með því að bjóða upp á vikulegar siglingar á milli Norður-Evrópu og Norður-Ameríku. Þriðja skipinu hefur verið bætt við grænu leiðina frá og með viku 47. Flutningsmagn félagsins í Trans-Atlantic hefur þrefaldast frá árinu 2009 og magnið 2017 hefur vaxið um 33%. Þessi vöxtur, ásamt nýjum samningi við alþjóðlega skipafélagið CMA CGM um flutninga á milli Halifax, Nova Scotia og Portland, Maine í Bandaríkjunum, skapar grundvöll fyrir vikulegri þjónustu. Það er stórt skref fyrir félagið að hefja vikulega þjónustu, en það opnar tækifæri fyrir nýja viðskiptavinum sem þurfa á

vikulegri þjónustu að halda. Við höfum bætt við gámakrana í Argentía á Nýfundnalandi og Labrador svo unnt sé að nota tvö kranalaus skip á grænu leiðinni, en það mun draga úr rekstrarkostnaði skipanna. Við erum einnig að bæta við einum gámakrana í Sundahöfn til að auka afkastagetu.

Eimskip undirritaði samning við GAMMA Capital Management í nóvember um stofnun á fyrirtækinu Krít fjármögnunarlausnir ehf. sem sérhæfir sig í birgðafjármögnun. Með samningnum skapast ný tækifæri fyrir virðisaukandi þjónustu fyrir viðskiptavinum með því að tengja saman flutningaþjónustu og birgðafjármögnun. Félagið tengir upplýsingakerfi sín við fjármálaþjónustu Krítar fjármögnunarlausna ehf., sem veitir viðskiptavinum fljótlega, hagkvæma og örugga lausn varðandi fjármögnun.

Það er ánægjulegt að segja frá því að við höfum lokið hagkvæmum samningi við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) um kaup á þremur fasteignum á Sundahafnarvæðinu sem félagið hefur verið með á leigu frá NIB frá árinu 2009. Um er að ræða höfuðstöðvar Eimskips í Sundakletti, þurrvörugeymslu og frystigeymsluna Sundafrost. Eignirnar eru alls 10.440 fermetrar að stærð og nemur kaupverðið 8,3 milljónum evra. Greiðsla fyrir eignirnar og yfirfærsla á eignarrétti munu eiga sér stað um mitt ár 2019. Samningurinn hefur verið færður til eignar og skuldar í efnahagsreikningi.

Félagið gekk á þriðja ársfjórðungi frá samningi við kísilmálmverksmiðjuna PCC Bakki Silicon hf. á Húsavík um hafnarvinnuþjónustu tengda rekstri verksmiðju fyrirtækisins. Eimskip rekur þegar hafnarvinnuþjónustu fyrir ýmis fyrirtæki í stóriðju hér á landi.

Eimskip vinnur áfram að innri vexti og kaupum á fyrirtækjum sem falla að starfsemi félagsins og auka virði þess. Rekstur þeirra fyrirtækja sem keypt hafa verið undanfarið hefur gengið vel og fallið vel að samstæðunni, auk þess að auka virði hluthafa. Stefna félagsins um vöxt með kaupum á sérhæfðum flutningsmiðlunarfyrirtækjum er að skila góðum árangri. Áfram er unnið að því að samþætta starfsemi nýju fyrirtækjanna til að skapa öflugt net og tækifæri til vaxtar með nýjum vörutegundum, mörkuðum, samlegð og samræmdri sölustarfsemi. Með fjárfestingunum hefur félagið einnig náð markmiði sínu um að auka hlutfall EBITDA af rekstrareiningum með litla fjárbindingu sem skila hærri arðsemi og aukinni landfræðilegri dreifingu tekna og EBITDA. Félagið mun halda áfram að meta nýja kosti í fjárfestingum í fyrirtækjum og skipum.

EBITDA var í samræmi við væntingar okkar á fyrstu níu mánuðum ársins. Magn í áætlunarkerfi félagsins og flutningsmiðlun fyrstu sex vikur fjórða ársfjórðungs er í samræmi við væntingar. Gert er ráð fyrir að starfsemin í Noregi nái sér á strik eftir nokkrar áskoranir. Eimskip hefur unnið að verkefni tengdu endurskipulagningu á rekstri í Asíu. Í afkomuspá ársins 2017 er gert ráð fyrir áætlaðri tekjufærslu tengdri endurskipulagningunni þar sem félagið áætlar að tekjur og EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2017 hækki um 2,5 milljónir evra. Afkomuspá fyrir árið 2017 er EBITDA á bilinu 60 til 62 milljónir evra, en þar hefur verið tekið tillit til ofangreinds áætlaðs hagnaðar af endurskipulagningunni."

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur Eimskips á þriðja ársfjórðungi 2017 námu 177,0 milljónum evra samanborið við 134,1 milljón evra á sama tímabili árið áður og hækkuðu um 42,9 milljónir evra eða 32,0%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,2%, einkum vegna verulegrar aukingar á innflutningi til Íslands og útflutningi frá Færeyjum. Magn í áætlunarflutningum dróst hins vegar saman í Noregi samanborið við mjög sterkan þriðja ársfjórðung 2016. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 112,2 milljónum evra og hækkuðu um 12,8%. Rekstur flutningsmiðlunar gekk vel á fjórðungnum, en magn jókst um 50,8% og tekjur námu 64,8 milljónum evra og hækkuðu um 87,1%. Tekjuvöxturinn skiptist þannig að 67,8% koma frá nýjum félögum í samstæðunni en 19,3% eru vegna innri vaxtar í kjölfar aukins flutningsmagns og hærri verða í alþjóðlegri flutningsmiðlun.

Rekstrargjöld félagsins námu 157,7 milljónum evra samanborið við 116,3 milljónir evra á þriðja fjórðungi síðasta árs og jukust um 41,4 milljónir evra eða 35,6%. Rekstrargjöld áætlunarsiglinga námu 94,7 milljónum evra og hækkuðu um 16,7%. Hækkunin skýrist af kostnaði tengdum aukningu á afkastagetu siglingakerfisins og hærri olúkostnaði. Einnig hærri launakostnaði vegna styrkingar íslensku krónunnar frá fyrra ári og vegna almennra launahækkana og aukinna umsvifa. Reksturinn í Noregi stóð frammi fyrir áskorunum á fjórðungnum samanborið við árið 2016, sem var sögulega besta árið í rekstri félagsins í Noregi. Rekstrargjöld flutningsmiðlunar námu 63,0 milljónum evra og hækkuðu um 79,3%. Hækkun rekstrargjalda í flutningsmiðlun skýrist, eins og tekjuvöxturinn, einkum af nýjum fyrirtækjum, auknu flutningsmagni og hærri verðum í alþjóðlegri flutningsmiðlun.

EBITDA fjórðungsins nam 19,3 milljónum evra samanborið við 17,8 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi í fyrra og hækkaði um 1,5 milljónir evra eða 8,6%. Nýju félögin í samstæðunni hækkuðu EBITDA þriðja ársfjórðungs um 1,7 milljónir evra. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 13,8 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 14,0 milljónir evra á þriðja fjórðungi síðasta árs og lækkaði um 0,3 milljónir evra eða 2,1%. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi félagsins nam 5,5 milljónum evra, hækkaði um 1,8 milljónir evra eða 49,0%, en þar af skýrast 45,3% af nýjum fyrirtækjum og 3,7% af innri vexti.

Afskriftir námu 7,6 milljónum evra, hækkuðu um 0,6 milljónir evra á milli ára eða 9,3%, en eru í samræmi við undanfarna ársfjórðunga. Hækkunin skýrist aðallega af auknum fjárfestingum í rekstrarfjármunum og nýjum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

Hrein fjármagnsgjöld námu 1,7 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi samanborið við 0,4 milljóna evra hrein fjármagnsgjöld á sama tímabili í fyrra, sem er neikvæð breyting á milli ára um 1,3 milljónir evra. Gengissveiflur á fjórðungnum leiddu til gengistaps að fjárhæð 0,6 milljónir evra samanborið við 0,5 milljóna evra gengishagnað á þriðja ársfjórðungi 2016. Gengistapið stafar einkum af óhagstæðri gengisþróun á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra.

Hagnaður þriðja ársfjórðungs nam 8,8 milljónum evra samanborið við 9,4 milljónir evra á sama tímabili 2016 og dróst saman um 0,6 milljónir evra sem skýrist að mestu af gengissveiflum.

REKSTUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS

- **Tekjur námu 497,0 milljónum evra, hækkuðu um 123,6 milljónir evra eða 33,1% frá 9M 2016**
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,2% og tekjur hækkuðu um 43,2 milljónir evra eða 15,5%
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 40,1% og tekjur hækkuðu um 80,4 milljónir evra eða 84,8%, vegna nýrra fyrirtækja og innri vaxtar
- **EBITDA nam 45,3 milljónum evra og jókst um 1,7 milljónir evra eða 4,0% frá 9M 2016**
 - Aðlöguð EBITDA var 47,6 milljónir evra og jókst um 9,2% að teknu tilliti til einskisþisliða að fjárhæð 2,3 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi


Rekstrartekjur Eimskips fyrstu níu mánuði ársins 2017 námu 497,0 milljónum evra samanborið við 373,4 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 123,6 milljónir evra eða 33,1%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,2% með vexti tengdum Íslandi og Færeyjum og magnaukning í flutningsmiðlun var 40,1%, vegna nýrra fyrirtækja og innri vaxtar.

Rekstrargjöld félagsins námu 451,7 milljónum evra samanborið við 329,9 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og jukust um 121,9 milljónir evra eða 36,9%. Aukningin skýrist af nýjum fyrirtækjum, aukinni afkastagetu siglingakerfisins, hærri olúkostnaði, hærri launakostnaði bæði vegna styrkingar íslensku krónunnar á milli ára og vegna almennra launahækkana og aukinna umsvifa, auknu flutningsmagni og hærri verðum í alþjóðlegri flutningsmiðlun.

EBITDA tímabilsins nam 45,3 milljónum evra samanborið við 43,6 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og jókst um 1,7 milljónir evra eða 4,0%. Aðlöguð EBITDA var 47,6 milljónir evra, jókst um 4,0 milljónir evra á milli ára eða 9,2%, að teknu tilliti til einskisliða á fyrsta ársfjórðungi samtals að fjárhæð 2,3 milljónir evra. Sjómannaverkfallið á Íslandi hafði 1,5 milljóna evra neikvæð áhrif, kostnaður tengdur kaupum á fyrirtækjum nam 0,4 milljónum evra og loks nam sekt frá Fjármálaeftirlitinu 0,4 milljónum evra. Ný félög í samstæðunni hækkuðu EBITDA um 4,6 milljónir evra fyrstu níu mánuði ársins. Kostnaður að fjárhæð 3,8 milljónir evra vegna breytts siglingakerfis og ójafnvægis í flutningum kom fram á fyrri hluta ársins sem einnig hafði neikvæð áhrif á EBITDA fyrstu níu mánaða ársins.

Hagnaður fyrir fyrstu níu mánuði ársins nam 13,9 milljón evra samanborið við 20,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og dróst saman um 6,1 milljón evra, en breytingin skýrist að mestu af gengissveiflum, fjármagnskostnaði og hækkuðum afskriftum.

Á eftirfarandi myndum kemur fram að flutt magn fyrstu níu mánuði ársins í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun hefur vaxið jafnt og þétt á árunum 2013 til 2017 samanborið við sama tímabil árið áður. Magnvísitalan á hægri ásnum miðast við að magnið árið 2010 sé 100.




Breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í lok febrúar 2017 þar sem nýrri rauðri leið var bætt við og þjónustu grænu og gráu leiðarinnar var breytt. Boðið er upp á vikulegar strandsiglingar til að styðja við aukna grósku í starfsemi á Íslandi. Í maí tók Helsingborg við sem viðkomuhöfn í Svíþjóð í stað Halmstad. Með nýja siglingakerfinu jókst afkastageta til og frá Evrópu og Norður-Ameríku um 7-11%.

Eimskip er með 22 skip í rekstri, þar af þrettán eigin skip og níu leiguskip. Fimmtán skipanna eru í áætlunarsiglingum, þrjú í ‚spot‘ þjónustu, eitt í stórflutningum og þrjú í ferjusiglingum. Félagið keypti Sophia, 700 gámaeininga skip sem byggt var 2008, og gaf því nafnið Selfoss.

Rekstur félagsins hefur verið að vaxa á undanförunum árum eins og sjá má á eftirfarandi myndum sem sýna hvernig tekjur og EBITDA skiptast á fjórðunga á árunum 2013 til 2017. Verulegur vöxtur var í rekstrartekjum og EBITDA á árunum 2015 og 2016 og tekjuvöxtur heldur áfram á fyrstu þremur fjórðungum þessa árs. EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2017 tekur tillit til einskisliða samtals að fjárhæð 2,3 milljónir evra. Þar af eru 1,5 milljónir evra vegna áhrifa sjómannaverkfallsins hér á landi, 0,4 milljónir evra vegna sektar frá Fjármálaeftirlitinu og 0,4 milljónir evra vegna kostnaðar tengdum fjárfestingum í nýjum fyrirtækjum.

Í milljónum evra



* 2.3 milljóna evra einskiptisliðum bætt við í Q1 2017

EFNAHAGUR

- **Heildareignir námu 445,7 milljónum evra í lok september**
- **Eiginfjárlutfall var 54,5%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 113,0 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 88,4 milljónum evra**

Fastafjármunir námu 294,5 milljónum evra í lok september 2017 samanborið við 253,3 milljónir evra í árslok 2016. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 43,4 milljónum evra samanborið við 23,3 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum 2016. Stærstu fjárfestingarnar voru vegna skipasmíðinnar í Kína, kaup á Selfossi og kaup á þremur fasteignum í Sundahöfn. Félagið undirritaði samning við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) um kaup á fasteignunum þremur fyrir 8,3 milljónir evra, en kaupverðið verður greitt á árinu 2019. Samkvæmt IFRS stöðlum er skuldbindingin um kaupun á ofangreindum fasteignum flokkuð sem fjármögnunarleiga í efnahagsreikningi og hækkar þar með fastafjármuni og langtímaskuldir.

Veltufjármunir námu 151,2 milljónum evra í lok september samanborið við 138,4 milljónir evra í árslok 2016. Handbært fé nam 24,5 milljónum evra í lok september samanborið við 39,5 milljónir evra í árslok. Viðskiptakröfur jukust úr 96,6 milljónum evra í árslok 2016 í 123,3 milljónir evra í lok september vegna nýrra félaga í samstæðunni, árstíðabundinna sveiflna og gengismunar.

Eigið fé nam 242,7 milljónum evra í lok september og var eiginfjárlutfallið 54,5%. Til samanburðar var eiginfjárlutfallið 62,2% í árslok 2016. Arður að fjárhæð 1.269,1 milljón króna, eða 10,6 milljónir evra, var greiddur hluthöfum í apríl 2017.

Skammtímaskuldir námu 101,4 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs samanborið við 83,5 milljónir evra í árslok 2016. Hækkunin á fjórðungnum skýrist af nýjum fyrirtækjum, árstíðabundnum sveiflum og gengismun.

Vaxtaberandi skuldir námu 113,0 milljónum evra í lok september og hækkuðu úr 81,1 milljón evra í lok árs 2016. Eimskip samdi í janúar við Íslandsbanka um framlengda og aukna lánalínu að fjárhæð 47,0 milljónir evra. Félagið hefur dregið 28,9 milljónir evra á línuna á þessu ári í tengslum við fjárfestingar og skýrir það að mestu hækkun vaxtaberandi skulda á tímabilinu. Nettóskuldir námu 88,4 milljónum evra samanborið við 41,6 milljónir evra í árslok 2016.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 26,8 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2017**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 50,0 milljónum evra**
- **Handbært fé var 24,5 milljónir evra í lok september**

Handbært fé frá rekstri nam 26,8 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins 2017 samanborið við 34,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 50,0 milljónum evra samanborið við 21,5 milljónir evra á sama tímabili 2016. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 46,6 milljónum evra, þar af voru viðhaldsfjárfestingar 16,4 milljónir evra. Stærstu fjárfestingarnar voru vegna skipasmíðinnar í Kína, kaup á Selfossi og kaup á þremur fasteignum í Sundahöfn. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum 26,1 milljón evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2016, en þar af námu viðhaldsfjárfestingar 16,3 milljónum evra.

Nettó fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 9,2 milljónir evra samanborið við 3,5 milljóna evra neikvæðar fjármögnunarhreyfingar á fyrstu níu mánuðum fyrra árs. Breytingin er aðallega tilkomin vegna nýrra lána í tengslum við fjárfestingar.

Handbært fé var 24,5 milljónir evra í lok september samanborið við 39,5 milljónir evra í árslok 2016.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2017

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2017 er EBITDA á bilinu 60 til 62 milljónir evra.

Fyrstu níu mánuðir ársins voru í samræmi við væntingar félagsins eins og fram hefur komið. Sjómannaverkfallið hér á landi hafði neikvæð áhrif á fyrsta ársfjórðung og annar ársfjórðungur varð fyrir neikvæðum áhrifum af auknu ójafnvægi í fluttu magni til og frá Íslandi sem olli auknum kostnaði á fjórðungnum. Félagið hefur frá 1. júní lagt á gámastaðsetningargjald (Container Positioning Charge, CPC) til að vega upp á móti þessum aukna kostnaði. Rekstur nýrra fyrirtækja hefur gengið í samræmi við væntingar og eru þau að skila auknu verðmæti. Magn í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun fyrstu sex vikur fjórða ársfjórðungs er í samræmi við væntingar. Gert er ráð fyrir að starfsemin í Noregi nái sér á strik eftir nokkrar áskoranir á þriðja ársfjórðungi. Fjárfestingin í siglingakerfinu skilaði hagnaði á þriðja ársfjórðungi og kostnaður vegna ójafnvægis í flutningum hafði ekki áhrif á EBITDA fjórðungsins. Félagið mun halda áfram að fjárfesta í siglingakerfinu og gera á því breytingar, með sérstaka áherslu á að lækka kostnað á gámaeiningu og auka skilvirkni til að auka arðsemi kerfisins. Gert er ráð fyrir að rekstur flutningsmiðlunar verði áfram öflugur og að hann vaxi bæði vegna nýrra fyrirtækja og innri vaxtar. Almennt er búist við að verð á alþjóðlegum flutningamörkuðum verði í meira jafnvægi á síðari hluta ársins, en meiri óvissa er um þróun olíuverðs á fjórða ársfjórðungi. Samkeppni verður áfram hörð á markaðssvæði félagsins, sérstaklega í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi. Félagið jók afkastagetu í Trans-Atlantic flutningum/grænu leiðinni um 11% og flutningsmagn hefur vaxið um 33%. Eimskip hefur unnið að verkefni tengdu endurskipulagningu á rekstri í Asíu. Í afkomuspá ársins 2017 er gert ráð fyrir áætlaðri tekjufærslu tengdri endurskipulagningunni þar sem félagið áætlar að tekjur og EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2017 hækki um 2,5 milljónir evra.

Almenn óvissa er varðandi efnahagsaðstæður á heimsvísu, flutningsmagn, verð á flutningum, olúkostnað, gengisþróun og samkeppni.

HLUTHAFAR

- **Markaðsvirði Eimskips var 417,1 milljón evra eða 50,8 milljarðar króna þann 21. nóvember 2017**

Lokaverð bréfa Eimskips var 322,50 krónur á hlut og nam meðaltalslokaverð ársins 2016 274,24 krónum á hlut. Lokaverð þann 21. nóvember 2017 var 272,00 krónur á hlut og var markaðsvirði félagsins miðað við fjölda útistandandi hluta því 50,8 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 417,1 milljón evra. Til samanburðar var markaðsvirði félagsins 59,2 milljarðar króna eða 488,6 milljónir evra þann 16. nóvember 2016.

Fjöldi útgefinna hluta er 200.000.000, þar af eru 186.639.230 útistandandi hlutir og 13.360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2016 var 806, en hluthafar voru 733 talsins þann 20. nóvember 2017.

Aðalfundur Eimskips, sem haldinn var þann 23. mars 2017, samþykkti arðgreiðslu sem nam 6,80 krónum á hlut. Nam heildararðgreiðslan 1.269,1 milljón króna eða 10,6 milljónum evra. Arðgreiðsludagur var 19. apríl 2017.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q3 2017	Q2 2017	Q1 2017	Q4 2016	Q3 2016
Rekstrartekjur	177.019	173.060	146.936	140.497	134.070
Rekstrargjöld	157.732	156.357	137.626	130.592	116.310
EBITDA	19.287	16.703	9.310	9.905	17.760
EBIT	11.726	9.218	1.939	1.907	10.843
Hagnaður tímabilsins	8.792	4.934	193	1.914	9.381
EBITDA / rekstrartekjur	10,9%	9,7%	6,3%	7,0%	13,2%
EBIT / rekstrartekjur	6,6%	5,3%	1,3%	1,4%	8,1%
EFNAHAGUR	30.09.2017	30.06.2017	31.03.2017	31.12.2016	30.09.2016
Eignir	445.663	434.390	414.652	391.691	379.111
Eigið fé	242.703	236.706	234.879	243.775	240.061
Skuldir	202.960	197.684	179.773	147.916	139.050
Vaxtaberandi skuldir	112.960	114.376	91.733	81.149	79.958
Nettóskuldir	88.415	77.768	50.377	41.606	34.836
Eiginfjárlutfall	54,5%	54,5%	56,6%	62,2%	63,3%
SJÓÐSTREYMI	Q3 2017	Q2 2017	Q1 2017	Q4 2016	Q3 2016
Handbært frá rekstri	7.669	11.779	7.535	14.485	5.831
Fjárfestingarhreyfingar	(9.965)	(24.989)	(17.479)	(18.442)	(7.225)
Fjármögnunarhreyfingar	(9.382)	9.176	11.633	(1.306)	(1.213)
Handbært fé í lok tímabils	24.545	36.608	41.356	39.543	45.122

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins. Það er félaginu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sem allra fyrst.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur lagt stjórnvaldssekt á félagið að fjárhæð 50 milljónir króna, um 0,4 milljónir evra, í tengslum við birtingu á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2016 og var sektin gjaldfærð á fyrsta ársfjórðungi 2017. Þar sem Eimskip er ósammála lagatúlkun FME og niðurstöðu þess hefur félagið vísað málinu til dómstóla.

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim, með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 63 starfsstöðvar í 20 löndum, er með 22 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.830 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 22. NÓVEMBER 2017

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 22. nóvember 2017 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2017. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast eftir fundinn á fjárfestasíðu Eimskips, www.eimskip.is/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 á stjórnarfundum þann 21. nóvember 2017.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Q4 2017: Uppgjör birt 22. febrúar 2018
- Aðalfundur 2018: 22. mars 2018
- Q1 2018: Uppgjör birt 17. maí 2018
- Q2 2018: Uppgjör birt 30. ágúst 2018
- Q3 2018: Uppgjör birt 20. nóvember 2018
- Q4 2018: Uppgjör birt 21. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.